


Sumarliði Óskarsson

ENDURHEIMTUR A ÖRMERKTUM LÖXUM  
I VOPNAFJÖRD ARIN 1984-1986 UR SLEPPINGUM  
ÖRMERKTRA GÖNGUSEIDA ARIN 1982-1985.



**VEIÐIMÁLASTOFNUN**

Fiskrækt og fiskeiði • Rannsóknir og ráðgjöf.

Sept. 1987

VMST/R 87027

## INNGANGUR.

Teknar hafa verið saman niðurstöður úr endurheimtum á laxi sem sleppt var sem örmerktum gönguseiðum í Selá, Vesturdalsá og Hofsa sumrin 1982, 1983, 1984 og 1985. Megnið af þessum laxi var veiddur í net í Nípurlóni í Vesturdalsá í Vopnafirði. Litlar heimtur voru á merktum laxi frá Selá og Hofsa, en þar var eingöngu um að ræða endurheimtur í stangveiði.

## SLEPPINGAR GÖNGUSEIDA OG MERKINGAR NATTURULEGRA SEIDA.

Með stuðning frá VestNorden nefndinni var örmerktum gönguseiðum sleppt í Selá, Vesturdalsá og Hofsa árin 1983, 1984 og 1985 í framhaldi af sleppingu sem bændur í Vopnafirði stóðu að í sömu ár 1982. Fengin voru seiði frá mismunandi eldisstöðvum og hver eldisstöð þá með ákveðinn stofn af laxaseiðum (Töflur 1-3). Taflan hér fyrir neðan sýnir heildarfjölda seiða sem sleppt var í Vopnafjarðarárarnar til samans árin 1982-85 frá viðkomandi eldisstöðvum.

### Sleppingar gönguseiða í Vopnafirði 1982-1985.

	Sleppiár			
Eldisstöð	1982	1983	1984	1985
Kollafjörður	-	3040	-	-
Hólalax	-	3000	4019	5556
Laxamýri	6000	6011	8010	6027
Fljótalax	-	-	-	5015
Samtals:	6000	12051	12029	16598

Aður en seiðin voru flutt frá viðkomandi eldisstöðvum voru þau örmerkt og hver hópur aðskildur með sér örmerkjanúmeri. Undanskilin er slepping 1982 og 1983 frá Laxamýri, en þá reyndist ekki fært að halda sér hópum sem fóru í Selá, Vesturdalsá og Hofsa og voru því seiðin merkt með sömu númerum hvort ár fyrir sig (um 2000 fóru bæði árin í hverja á).

Við sleppingar í Vesturdalsá voru notaðar seinni árin tvær eldiskviar, en í Selá og Hofsa voru notaðir sleppikassar.

Vorið 1985 voru náttúruleg niðurgönguseiði veidd í gildru í Vesturdalsá, og þeim síðan sleppt. Aðeins 3 af þeim veiddust 1986 (Tafla 3).

ENDURHEIMTUR.

Endurheimtur í Vopnafjarðarárarnar hafa verið misjafnar úr sleppingum 1982-1985. Taflan hér fyrir neðan sýnir heildarheimtur laxa í Vopnafjörð árin 1983-1986 vegna seiðasleppinganna 1982-85.

Endurheimtur í Vopnafjörð 1983-86.

-----				
Ar í sjó				
Sleppi- Sleppiár fjöldi		1 ár	2 ár	Samtals
-----				
1982	6000	0	0	0
1983	12051	4	1	5
1984	12029	79	102	181
1985	16598	47	?	
-----				

?: Upplýsingar liggja ekki enn fyrir (ágúst 1987).

Megnið af þeim laxi sem endurheimtist er sleppt í Vesturdalsá og endurheimtur þar. Nánari upplýsingar um endurheimtur einstakra sleppihópa eru sýndar í töflum 1-3. Eins og sjá má í töflum 1-3 eru endurheimtur tíundaðar eftir sleppistöðum ásamt sleppihópum á hverjum stað. Sýndur er fjöldi endurheimtra í hverjum hóp ásamt endurheimtuprósentum, ef fjöldi endurheimtra eru fleirri en þrír. Eins og sést á töflum 1-3 er má segja að eingöngu sé um endurheimtur á laxi í Vesturdalsá að ræða. Litlar sem engar endurheimtur fengust í Selá og Hofsa öll árin 1983-86. Einnig voru endurheimtur úr sleppingum 1982-83 litlar sem engar. Ef lítið er á sleppingu 1983 og endurheimtur 1984 og 1985, kemur í ljós að 2 ára lax kemur ekki fram í auknu veiðitaki 1985 í Nýpurlóni (seiðum sleppt í Vesturdalsá), sem gæti bent til að lítið af tveggja ára laxi hafi komið á svæðið, og þar af leiðandi endurspeglað lélegar heimtur á eins árs laxi árið áður.

Ef lítið er á sleppingu 1984 og endurheimtur viðkomandi laxa árin 1985 og 1986 (Tafla 3) sést að flestir laxanna endurheimtust í Nýpurlón í Vesturdalsá. Um 44% heimtust sem eins árs lax 1985 og um 56% sem 2ja ára lax 1986 úr viðkomandi sleppingu. Gert var sérstakt átak 1985 til að ná laxi í Nýpurlóni í Vesturdalsá með því að leggja net í lónið í byrjun ágúst. Fengust þar um 20 merktir laxar. Á sama hátt en í meira mæli var veitt í net í Nýpurlóni 1986 og fengust með þeim hætti um 116 merktir laxar. Augljóst er að þessar veiðar lyfta endurheimtum í Vesturdalsá töluvert upp þessi tvö ár fram yfir Selá og Hofsa. Lítið veiddist af merktum laxi í Vesturdalsá sjálfri.

Ef lítið er á einstaka endurheimtuhópa fyrir Vesturdalsá vegna sleppingar 1984 sést að laxaseiði frá Kollafirði og laxaseiði frá Fljótalax (stofn Lón í kelduhverfi) skila sér betur, en seiði frá Hólalax og Laxamýri.

Endurheimtur vegna sleppinga 1985 sjást í töflu 3. Þar endurheimtast laxar næstum eingöngu í Nýpurlóni, fyrir utan einn lax sem kom úr veiði í Selá. Enginn lax endurheimtist af þessari sleppingu í Hofsa 1986.

#### SAMANBURÐUR A SLEPPISTOÐUM.

Kollafjarðarseiði sem voru úr sama eldishóp og sleppt var í Vopnafirði 1984, var einnig sleppt í Kollafirði, í Langá og við Tsafjarðardjúp. Heimtur voru í meðallægi í Kollafirði, þokkalegar í Langá, ef tekið er tillit til þess að eftirlit eftir merkjum var litið a.m.k. annað árið sem seiði voru að koma aftur. Heimtur í Tsafjarðardjúpi voru slakar. Af sleppiseiðum ættuðum frá Laxá í þing. og sem var sleppt þar, voru heimtur á svipuðum nótum og heimtur sömu eldisseiða í Nýpurlón. Seiði frá Fljótalax af sama stofni og sleppt í Vopnafjörð komu illa út í endurheimtum í Tsafjarðardjúpi. Engann samanburð var mögulegt að gera á seiðum frá Hólalax.

#### LOKAORD.

Ekki hefur reynst mögulegt að meta raunverulegar endurheimtur laxa í Vopnafjörð fram yfir þær heimtur sem fengust úr veiði, út frá þeim gögnum sem fyrir liggja. Freistandi er þó að ætla að endurheimtur laxa í Nýpurlón 1985 séu vanmetnar þar sem ekki var reynt að nálgast laxinn eins stíft og árið 1986.

Tafla 1. Endurheimtatur á merktum laxi 1984 og 1985, úr sleppingum í Vopnafjörð 1983.

SLEPPIAR 1983

SLEPPI- STAÐUR	MERKI- STAÐUR	STOFN	FJÖLDI MERKT	MEDAL- LENGD	NÚMER- DRMERKIS	ENDURHEIMTUSTAÐIR (AR Í SJÖ)															
						SELA		VESTUR- DALSA		HÖFSA		HEILD:									
						1 AR	2 AR	1 AR	2 AR	1 AR	2 AR	1 AR	2 AR	1+2 AR							
SELA	Kollafj.	Kollafj.	1002		014663	1					1	2			2						
	Hólalax	Lax á Asum	1000		061215																0
VESTURDALSA	Kollafj.	Kollafj.	1036		014763																0
	Hólalax	Lax á Asum	1000		060615																0
VOPN-BLANDAÐ †	Laxamyri	Kollafj.	6011		032063	1					1	1	2	1							3
HÖFSA	Kollafj.	Kollafj.	1002		014563																0
	Hólalax	Lax á Asum	1000		060215									1							1

VILLINGAR: Engir af endurheimtum.

† Seiðum skipt niður á Selá, Vesturdalsá og Höfsá (2000 í hverja)

Tafla 2. Endurheimtur veiðuggakliptra laxa 1985 og 1986, sem sleppt var í Vopnafirði sumarið 1984. Einnig eru tíundabir merkislausir en veiðuggaklipptir laxar sem endurheimtust á sama tímabili. Eru þar með stórir laxar, hugsanlega úr sleppingum 1983.

SLEPPIAR 1984

SLEPPI- STAÐUR	MERKI- STAÐUR	STOFN SEIÐA	FJÖLDI MERKT	NÚMER ÖRNERKIS	ENDURHEIMTUSTADIR (ÁR Í SJÓ)																	
					SELA			VESTUR DALSA			HOFSA			HEILD:								
					1 ÁR N %	2 ÁR N %	1 N %	1 ÁR N %	2 ÁR N %	1 N %	1 ÁR N %	2 ÁR N %	1+2 ÁR N %									
SELA	Fljótalax	Lón í keld.	1505	111215	3	2	1	2	4	6	0.40	1	1	0.05	2	2	0.10					
	Hólalax	Víðidal-sá	2024	100015	1																	
	Laxamyri	Laxá í þing	2007	100613	2																	
VESTURDALSA	Kollafj.	Kollafj.	2507	020215	1	1	19	0.76	24	0.96					20	0.80	25	1.00	45	1.79		
	Kollafj.	Kollafj.	2505	020815			23	0.92	29	1.16					23	0.92	29	1.16	52	2.08		
	Hólalax	Víðidal-sá	1522	021263			5	0.33	7	0.46					5	0.33	7	0.46	12	0.79		
	Laxamyri	Laxá í þing	2009	080515			4	0.20	11	0.55					4	0.20	12	0.60	16	0.80		
	Fljótalax	Lón í keld.*	1700	130115***	2**		21	1.24	22	1.29					23	1.35	22	1.29	45	2.65		
HOFSA	Hólalax	Víðidal-sá	2010	021401																		
	Fljótalax	Lón í keld.	1503	023263																		
	Laxamyri	Laxá í þing	2011	090513			1		1						1		1		2	0.10		
VILLINGAR:																						
Vatnsdalsá	Sleppt:	1984		120615			1															
Laxá í S.þing	Sleppt:	1984		030015			4															
---	Sleppt:	1983		032163			1															
Blanda	Sleppt:	1983		031963			1															

\* 112 af þessum seiðum fóru í Hofsa.

195 ----- í Selá.

1700 ----- í Vesturdalsá.

\*\* Gæti verið vegna 195 seiða sleppingarinnar í Selá.

\*\*\*Tvo niðurgönguseiði veiddust með þessu örmerkjanúmeri voríð 1985. Sleppt 1984 í Vesturdalsá.

A.t.h. Einn lax veiddist í Vopnafirði, sleppt í Vesturdalsá, stofn Kollafj. en veiðistaður er óþekktur (Hópur 020815).

Merkislausir: 1985

Selá

Vesturdalsá

Hofsa

Smair Stórir Óakveðið

Endurheimtur utan Vopnafjarðar:

1 lax kom í Miðfjarðará í Vest.Hún.

úr slepp. í Vesturdalsá, stofn

Laxá í þing.

Tafla 3. Endurheimtur veiðuggakliptra laxa 1986, sem sleppt var í Vopnafirði sumarið 1985. Einnig eru tíundaðir merkislausir en veiðuggaklipptir laxar sem endurheimtust á sama tímabili. Eru þar í bland stórir og smáir laxar.

SLEPPIAR 1985

SLEPPI- STABUR	MERKI- STABUR	STOFN	FJÖLDI MERKT	NÚMÉR ÖRMERKIS	ENDURHEIMTUSTABUR (AR Í SJD)				HEILDAR ENDURHEIMTUR		
					SELA 1 AR %	VESTUR- DALSA 1 AR %	HÖFSA 1 AR %	1 AR %	1 AR %	1 AR %	
SELA	Laxamyri	Laxá í þing	1504	023063	1				1		
	Hólalax	Víðaldalsá	1003	024063					0		
VESTURDALSA	Hólalax	Víðaldalsá	2011	033363			18	0.90	18	0.90	
	Laxamyri	Laxá í þing	5003	033763			25	0.50	25	0.50	
	Vesturdalsá	Vesturdalsá *	443	024863			3	0.68	3	0.68	
	Vesturdalsá	Vesturdalsá *	558	024963							
HÖFSA	Hólalax	Víðaldalsá	1005	023963							
	Laxamyri	Laxá í þing	1503	024163							
VILLINGAR: Laxá í þing	Sleppt:	1985	5000	033663			1				

\* Náttúruleg seiði.

Merkislausir: 1986 Smáir Stórir

Selá	0	2
Vesturdalsá	1	9
Höfða	0	0
Vopnafjörður	0	1